

Sprengisandur og tónlistargen

Ég tók upp á því að fara einn yfir Sprengisand á Toyota RAV 4 jepplingnum mínum, enda veðurspá með besta móti. Hafði aldrei farið þarna um áður, þótt Sprengisandsferðin 1933 sé e.k. helgisögn í fjölskyldunni. Fór úr bænum eftir hádegi föstudaginn 25. ágúst 2006. Kom við í Café Hrauneyjafossvirkjun og í Versölum Décadence, en á síðari staðnum var ekkert að hafa. Komst í Jökuldal (Nýjadal) um kvöldið og gisti í skála F.Í. Þar er notalegt að vera. Daginn eftir hélt ég áfram og var kominn niður að Mýri/Bólstað kl. 11 f.h. Mýri & Bólstaður eru efstu bæir í Bárðardal að vestanverðu. Tók menn þar tali, enda hafði Jakob frændi sagt mér frá því stuttu áður, að þar væri maður lifandi sem séð hefði Jón J. Víðis, frændi okkar, og félagi hans koma niður af Sprengisandi árið 1933. Ég stóðst ekki mátið.

Viti menn! Þarna sat Héðinn bóndi Höskuldsson uppí traktor að aðstoða við undirbúning að flutningi fjár í sláturhús þá um haustið. Hann bauð mér strax inn á fallett heimili sitt - sem foreldrar hans nefndu Bólstað - og hafa þeir sama hlað Mýri og Bólstaður. Þar var mér boðið til hádegisverðar með þeim hjónum Héðni og frú Ingileif, ásamt dóttur og tengdasyni. Yngra fólkíð var þarna í heimsókn, en býr annars á Akureyri.

Héðinn er sonur Höskulds Tryggvasonar bónda á Bólstað. Móðir Héðins var Pálína Guðrún Jónsdóttir bónda á Mýri, seinna bóndakona á Bólstað. Hún er skyld Víðisum. Höskuldur kom aftur á móti frá Víðikeri, sem er hinum megin í dalnum. Ingileif Ólafsdóttir, kona Héðins, er úr Önundarfirði vestra.

Guðný Jónsdóttir ríka Jónssonar á Mýri

15. júlí 1795 - 25. apríl 1851

M1 Ásmundur Davíðsson 1783-1824 úr Bárðardal	M2 Benedikt Indriðason bóndi á Stóru-Völlum
Herdís Ásmundsdóttir 1816-1860	Jón Benediktsson 1831-1890
Jón „Þveræingur“ Jónsson 1860-1940	Guðrún Pálína Jónsdóttir 1856-1929
María Víðis Jónsdóttir 1895-1982	Jón Karlsson 1877-1937
Þóra Þorvaldsdóttir 1925	Pálína Guðrún Jónsdóttir 1904-1985
Már Viðar Músson 1949	Héðinn Höskuldsson 1925-2013

Sumarið 2003 fór stór hópur ferðamanna yfir Sprengisand á jeppum til að minnast þess að 70 ár voru þá liðin frá Sprengisandsferð Jóns J. Víðis, Einars Magnússonar, Valdimars Sveinbjörnssonar og Sigurðar frá Laug. Þessi stóri hópur var afkomendur Sigurðar frá Laug, ásamt vandamönnum. Allur hópurinn var klæddur hvítum bolum með mynd af gamla Ford og áletruninni: „Sprengisandur - 70 ár frá fyrstu bilferð yfir Sprengisand 1933“. Hópurinn kom við á Mýri/Bólstað, gaf húsbændum bol, og lét taka af sér hópmynd framan við bæinn, með fararskjótana í bakgrunni. Myndin er á Bólstað.

Héðinn var 8 ára þegar þeir félagar komu niður af Sandinum árið 1933, og man vel eftir því, enda um merkan atburð að ræða. Honum þótti vænt um þá minningu. Ekki þótti honum minna til koma að vera skyldur einum ferðalanga, nefnilega Jóni J. Víðis. Héðinn sá Jón einu sinni síðar. Hann var þá á ferð með mági sínum og frænda, Jóhanni Skaptasyni sýslumanni þeirra Þingeyinga, og erindi þeirra manntalsþing. Á einu slíku var Héðinn. Þegar þingi lauk gerðu menn sér glaðan dag. Þegar þeir voru orðnir kátir nokkuð heyrði Héðinn Jón segja við Jóhann „að nú væru menn farnir að laga til hálstauið hver á öðrum“. Þótti þeim mágum þá nóg að gert og hurfu á braut.

Við Héðinn ræddum um listagen Þveræinga og Héðinn kvað það einkum komið úr Laxárdal, en þó einnig úr Bárðardal. Til tals kom að ég mundi ætla að sækja tónleika á Akureyri um kvöldið – og myndi Guðmundur Óli Gunnarsson stjórna þeim, en hann er stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. „Hann er frændi okkar“, sagði Héðinn. Þegar ég mætti á tónleikana, sem samanstóðu af perlum óperutónlistarinnar, sá ég strax ættarmótið! Listagenið leyndi sér heldur ekki. Þarna sungu helstu óperusöngvarar þjóðarinnar. Tónleikarnir voru yndislegir. Sömu tónleikar voru í boði á Klambatrúni í Reykjavík helgina áður og voru hluti Menningarnætur.

Í niðjatali mínu af Þveræingum er að finna fleiri dæmi um listagenið. Sjá hér tilraunir mínar til að tengja Guðmund Óla, Áskel Jónsson, Jón Hlöðver Áskelsson og Hörð Áskelsson við Víðisa. Jón Jóakimsson og Herdís Ásmundsdóttir komu bæði úr Bárðardal, þótt þau settust að í Laxárdal. Tónlistargenið er því þaðan. Þetta þarf ég þó að rannsaka nánar.

Guðný Jónsdóttir ríka Jónssonar á Mýri

15. júlí 1795 - 25. apríl 1851

M1 Ásmundur Davíðsson 1783-1824 úr Bárðardal	M2 Benedikt Indriðason bóndi á Stóru-Völlum
Herdís Ásmundsdóttir 1816–1860 kona Jóns	Jón Benediktsson 1831–1890 maður Aðalbjargar
Jón „Þveræingur“ Jónsson 1860-1940	Albert Jónsson 1857-1946
María Víðis Jónsdóttir 1895-1982	Aðalbjörg Albertsdóttir 1884-1972
Þóra Þorvaldsdóttir 1925	Guðrún Jóna Þorsteinsdóttir 1922-2003
Már Viðar Músson 1949	Guðmundur Óli Gunnarsson 1961

Jón Benediktsson óðalsbóndi og söðlasmiður á Stóru-Völlum í Bárðardal var kvæntur Aðalbjörgu Pálsdóttur yngri 1831-1914. Þeirra sonur var m.a. Sigurgeir söngkennari á Akureyri. Frá þeim er einnig komið Bardal-fólkið í Vesturheimi.

Aðalbjörg Pálsdóttir 1779-1857 úr Reykjaværvi	Jóakim Ketilsson 1772-1820 frá Sigurðarstöðum í Bárðardal
Jón Jóakimsson 1816-1893 maður Herðisar Jón „Þveræingur“ Jónsson 1860-1940 María Víðis Jónsdóttir 1895-1982 Þóra Þorvaldsdóttir 1925 Már Viðar Mátsson 1949	Páll Jóakimsson 1801-1860 á Mýlaugsstöðum Aðalbjörg Pálsdóttir yngri 1831-1914 kona Jóns Albert Jónsson 1857-1946 Aðalbjörg Albertsdóttir 1884-1972 Guðrún Jóna Þorsteinsdóttir 1922-2003 Guðmundur Óli Gunnarsson 1961

Aðalbjörg Pálsdóttir átti þekkt systkini, m.a. Sigurgeir sem átti Helgu sem var kona Björns Eysteinssonar sem gerði garðinn frægan í Húnavatnssýslum.

Ásmundur Davíðsson um 1782-1824	Guðný Jónsdóttir ríka Jónssonar á Mýri 1795-1851
Herdis Ásmundsdóttir 1816-1860 kona Jóns Jón „Þveræingur“ Jónsson 1860-1940 & Halldóra María Víðis Jónsdóttir 1895-1982 Þóra Þorvaldsdóttir 1925 Már Viðar Mátsson 1949	Jón Benediktsson 1831-1890 maður Aðalbjargar Guðrún Pálína Jónsdóttir 1856-1929 Jón Karlsson 1877-1937 Áskell Jónsson 1911-2002 Jón Hlöðver & Hörður Áskelssynir

Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur á Egilsstöðum ritaði sögu Þóru Margrétar Sigurðardóttur Egyptalandsfara (sjá heimasíðu mína). Þóra þessi var systir Halldóru konu Jóns „Þveræings“ Jónssonar, sbr. ofan. Helgi segir frá því að þóra hafi ung kona á Fljótsdalshéraði eignast söðul frá Stóru-Völlum í Bárðardal. Líklega hefur Jón Benediktsson smíðað þann söðul.

Ferð mín gekk vel, enda engin fyrirstaða. Aðeins vatnslitlar ár óbrúaðar. Vegur er að mestu ruðningsvegur og yfirborð hans þar eftir. Það er gert úr því efni sem er á staðnum og aðeins stórum steinum ytt til hliðar. Mikið þvottabretti var á stórum hluta leiðarinnar. Mætti einum RAV, en allir aðrir bílar voru jeppar, flestir upphækkaðir. Veður var bjart og hlýtt. Engar myndir tók ég, enda myndavélin mín fina ónýtt eftir draugagang á Heljardalsheiði.

Ég kom við í skólanum (nú aflagður) á Stóru-Völlum í Bárðardal, en þeir koma við sögu forfeðra Víðisa, eins og þegar er á minnst. Þarna var sýning sem Jakob frændi og Vegagerðin standa að til minningar um Sprengisandsferðina 1933. Sama sýning stendur sunnan við Sand, nefnilega í f.v. mótuneyti virkjunarmanna Hrauneyjafossvirkjunar – og heitir nú Hálendismiðstöðin Hrauneyjum. Þar er nú mat- og bensinsala í einkaeign, og áður er á minnst. Á Stóru-Völlum var aftur á móti rekinn Gisti- og veitingastaðurinn Kiðagil – etv. í síðasta sinn. Bárðardalur er að fara í eyði.

Ég sendi Héðni grein mína um Jón J. Víðis og bækling minn um Þverárbræður. Hann hringdi stuttu síðar og þakkaði fyrir sig; sagðist hafa haft mikla ánægju af lestrinum. Héðinn er auðheyrilega vel að sér.

Nú (2006) vaknar að sjálfsgöðu sú spurning í röðum Víðisa hvort ekki sé Víðisferð framundan, norður yfir Sand, og suður aftur - þá um Eyjafjörð eða Skagafjörð. Þannig ferð tekur tvo daga. Víðisferðir hafa verið nokkuð reglulegar „alla tíð“. Fyrst var farið á staði nálægt höfuðborginni - þar sem Jón J. Víðis teiknaði útsýnisskifur, eða í hraunið ofan og handan við bæinn. Seinna örlítið lengra, eftir að bílar urðu algengari og vegir bötnuðu. Lengst var farið fyrir nokkrum árum þegar Víðir var heimsóttur í Mýrdalinn. Ferðirnar eru oftast farnar á vorin, ekki langt frá afmælisdegi Jóns, sem var 31. maí. Hvað með Sprengisandsferð – ágætu frændur og frænkur? Ekki eru margir jeppar í fjölskyldunni, en það má fá rútu. Látum málið liggja í salti í vetur. Hér lýkur sögunni frá 2006.

Hinn 23. ágúst 2009 var Jónssteinn vígður við Þverá í Laxárdal. Daginn áður var farin Sprengisandsferð. Ég mætti með Margréti konu mína, Þóru Þorvaldsdóttur móður mína, og Ólaf Magnússon tengdaföður minn, í Toyota Land Cruiser jeppa þess síðast nefnda. Þess utan mætti aðeins Jakob Hálfðanarson frændi minn. Ekki mikil þátttaka það. Langtum fleiri mættu hjá Snæðisi og Sigurjóni í Kaldbak um kvöldið, þar sem þau héldu góða Víðisveislu. Daginn eftir hélt hersingin upp í Laxárdal. Sjá grein mína um víglu Jónssteins. Á leið okkar um Sprengisand komum við að Mýri, og ég ræddi við Héðinn bónda í stutta stund.

Héðinn lést 3. apríl 2013. Í minningargrein í Mbl. (15. apríl) segir Gestur Ólafsson, mágur Héðins, frá dæmigerðri komu sinni að Mýri/Bólstað. Héðinn situr í dráttarvélinni við túnslátt og syngur eins og greifinn af Mantua; La donna e mobile, svo undir tók í hliðunum. Þeir sem lesið hafa grein mína um grammófontónleika á vellinum framan við Þverárþéttinn, rétt eftir aldamótin 1900, kannast við þennan góða sið.

Már Viðar Mátsson 19.09.2006/31.10.2006/20.03.2007/22.04.2007/07.05.2013